

Myndbandið “Hvernig verður ullin til? Hluti 2”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- tog og þel – hver er munurinn
- öll skrefin frá reyfi til bands: a) með höndunum (ítarlegt), b) vélrænt (stutt)
- ólíkt (ullar-)hráefni, ólíkir eiginleikar – nokkur dæmi (einnig band úr hundaull og geitafiðu)
- vanmetnir sauðfjárlitir: golsótt, grámórætt, flekkótt
- lopi, einband, tvinnuð band

Í þúsund ár – á meðan nærri allir Íslendingar voru bændur eða vinnufólk hjá bændum – var nærri allur fatnaður sem heimilisfólkið þurfti í hvert sinn framleiddur heima á bænum. Frá kind til flíkur: Myndbandið lýsir öllum skrefum ferlisins – aðferðir, sem allir geta lært, en þær eru tímafrekar. Í dag hefur maður val – það eru einnig til ullarvinnsluvélar sem vinna þessi skref miklu hraðar.

Það er tilvalið að láta börnin prufa þessi skref í raunveruleikanum – eitt og eitt eða jafnvel öll, sem væri þá stærra, en áhrifaríkt verkefni.

Ef það vantar kunnáttu, er hægt að hafa samband t.d. við eftirfarandi aðila:

Heimilisiðnaðarfélag Íslands: heimilisidnadur.is

Íslenska ullarvinnslan, Selfossi: facebook.com/profile.php?id=61576563903031

Íslenska ullarvikan (á Suðurlandi), árviss viðburður með alls konar námskeiðum: ullarvikan.is

Ef það vantar hráefni, er t.d. hægt að spyrja sauðfjárbónda hvort hann er til í að selja reyfi; best að hafa samband í október áður en rúið er. Ath.:

- mikilvægt er að reyfið er laust í sér, þ.e. ekki mikið þofið
- grátt eða grámórætt reyfi hentar sérstaklega vel til að læra að taka ofan af (vegna litamuns)
- af sóttvarnarástæðum má ekki fara með óþvegnu reyfi frá einu sauðfjárbúi á annað sauðfjárbú eða á einhvern stað þar sem kindur eru

Meira um efnið:

- Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi – raunverulegir safngripir sem sýna einmitt þessa fataframleiðslu heima á bænum (bæði úr heimaunninni ull og úr innfluttu efni): textile.is

Framhald sjá næstu blaðsíðu!

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Er hægt að taka bara bút úr reyfi og spinna þráð úr honum?
- Hvað heitir tækið sem notað er til að spinna?
- Hvernig verður tvinnnað band til?
- Hvað er lopi?
- Þekkið þið einhvern sem kann að spinna?
- Hvort er hlýrri – band úr hundaull eða kindauull?
- Nokkur lítil ullarvinnslufyrirtæki eru til á Íslandi. Hvar eru þau staðsett til dæmis? Hvert þeirra er næst okkur?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net